

HLUTASAMNINGUR UM HREYFANLEIKA UNGMENNA MEÐ HJÁLP UNGMENNASKÍRTEINIS



Friður
félagsleg samheldni
þvermenningarleg umræða
þátttaka
mannréttindi
lýðræðislegur borgararéttur
rannsóknir

Þróun
á æskulýðsstefnu

partial agreement on
**youth
mobility**
through the
EUROPEAN YOUTH CARD

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE



HVAÐ ER HLUTASAMNINGUR:

Hlutasamningur er ákveðin tegund af samvinnu innan Evrópuráðsins. Hann gerir aðildarríkjum kleift að taka þátt í eða sitja hjá í tilteknum aðgerðum sem önnur aðildarríki mæla með.

Frá lagalegu sjónarmiði heyrir hlutasamningur áfram undir starfsemi stofnunarinnar á sama hátt og aðrar starfsáætlanir. Undantekningin felst í því að sérleg fjárhagsáætlun og vinnuferli á við um hlutasamning sem ákvörðuð eru af eingöngu aðildarríkjum með hlutdeild í hlutasamningnum.

HLUTASAMNINGURINN UM HREYFANLEIKA UNGMENNA MEÐ HJÁLP UNGMENNASKÍRTEINIS

Þetta er almennur hlutasamningur, sem þýðir að ríki sem eru ekki aðildarríki Evrópuráðsins eða aðilar að menningarsáttmála Evrópu eiga rétt á þátttöku (sjá nánar hér á eftir).

Hlutasamningurinn er verkþáttur í ungmennadeild Evrópuráðsins og hlítir þar með forgangsatriðum og markmiðum bæði ungmennasviðs og Evrópuráðsins í heild.

MARKMIÐ:

1. Þróun áætlunarinnar um ungmennaskírteini

Hlutasamningurinn var stofnaður árið 1991 og segir í ákvæðum hans að: “Markmið hlutasamningsins sé að þróa áætlun um ungmennaskírteini, með sérlegt gildi í Evrópu og með hagsmuni ungmenna í huga [...] til þess að auðvelda hreyfanleika þeirra og einnig aðgang þeirra að ýmsum gæðum og þjónustu sem gætu nýst þeim í einstaklingsþroska og mannrækt”. Allir undir þritugu geta sótt um ungmennaskírteini – ungmenni þurfa ekki að vera í námi eða með búsetu í Evrópulandi.

Ungmennaskírteinin veita ungmendum – íbúum eða ferðamönnum – aðgang að ráðgjöf, afslætti, og fríðindum á sviði hreyfanleika, húsnæðis, menningar, tungumálanámskeiða og þjónustu og vöru bæði á Netinu (eftir efnisflokk, borg eða landi) og utan Netsins. Er gaumgæfilega fylgst með þróun gæða og gæðamælingu á þeirri þjónustu sem skírteinið veitir til þess að það hafi jákvæð langframa áhrif.

2. Þróun betri ungmennastefnu með aðildarríkjum og fyrir þau

Annar tilgangur er að koma til móts við áhuga og þarfir ríkisstjórna aðildarríkja um málefni viðkomandi hreyfanleika og ungmennaskírteinum. Starfsáætlunin er búin til með það í huga að koma af stað og virkja þekkingu á þessum málefnum, að deila bestu starfsvenjum og með því bjóða uppá betri stefnulausnir (málstofur, málþing, ráðstefnur, o.s.frv.) Þessum aðgerðum er fylgt eftir með útgáfu á bestu starfsvenjum og mælt með tilteknum aðgerðum hjá aðildarríkjum og landsfulltrúastofnunum EYCA (ungmennaskírteinisfélagið).

Starfsáætlunin er til almennrar aðildar ríkja utan hlutasamningsins á eigin kostnað. Séð er fyrir kostnaði á þátttöku fulltrúa aðildarríkjanna.

Víðtækur hópur hagsmunaaðila er virkjaður í þeim tilgangi: ríkisstjórnir, evrópskar stofnanir, viðskiptaheimur, sérfræðingar, fræðimenn, frjáls

félagasamtök ungmenna, stofnanir sem annast ungmennaskírteini á landsvísu og einnig sjálfir eigendur ungmennaskírteina. Þannig hafa aðildarríki virku hlutverki að gegna og hafa ávinning af sérfræðipækkingu hlutasamningsins.

HVERNIG TEKIST ER Á VIÐ VERKEFNIÐ:

Eftirlit með starfsáætluninni er hjá

Samhæfingarnefnd með 17 meðlimum:

- ▶ 8 fulltrúum aðildarríkja hlutasamningsins sem skipaðir eru af ráðherranefnd Evrópuráðsins;
- ▶ 8 meðlimum ungmennaskírteinisfélagsins (EYCA) sem skipaðir eru af félaginu;
- ▶ 1 fulltrúa án atkvæðisréttar sem skipaður er af ráðgjafarnefnd um málefni ungs fólks.

Framkvæmd starfsáætlunar hlutasamningsins er í samvinnu við ungmennaskírteinisfélagið, EYCA. Félagið er frjálts félagasamtök stofnuð árið 1987. Það er fulltrúi meira en 40 landsfulltrúastofnana ungmennaskírteina um alla Evrópu með rúmlega 5 milljón skírteini í notkun. Allir meðlimir EYCA hafa hver um sig eða í heild einsett sér að efla hreyfanleika ungmenna, heilbrigðan lífsmáta og virkan þegnskap meðal ungmenna.

TILHÖGUN VIÐ AÐ TENGJAST HLOTASAMNINGNUM:

Fyrir aðildarríki Evrópuráðsins og ríki með aðild að menningarsáttmála Evrópu:

Þessi aðildarríki geta fengið aðild að hlutasamningnum hvenær sem er með einfaldri yfirlýsingu þess efnis til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Þetta gerist með því að senda opinbert bréf eða orðsendingu, stílaða á framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, frá annaðhvort utanríkisráðherra eða fastafulltrúa landsins hjá Evrópuráðinu.

Fyrir ríki utan Evrópuráðsins og án aðildar að menningarsáttmála Evrópu:

Að tillögu ungmennaskírteinisfélags Evrópu og samvinnunefndar hlutasamningsins leyfist

ráðherranefndinni að bjóða ríkjum án aðildar að Evrópuráðinu að taka þátt í hlutasamningnum eftir að hafa fyrst ráðfært sig við önnur ríki án aðildar en með hlutdeild í hlutasamningnum.

Evrópuráðið

Evrópuráðið er pólitísk samevrópsk stofnun sem stofnuð var árið 1949 til að efla alþjóðlega samvinnu, frið, lýðræði og mannréttindi um alla Evrópu. Það vinnur að sameiginlegum viðbrögðum við almennum erfiðleikum á öllum sviðum tilvistar mannsins að undanskildum efnahagslegum og hernaðarlegum. Evrópuráðið er með 47 aðildarríki, auk 50 ríkja sem eru með aðild að menningarsáttmála Evrópu, og styður 820 milljónir Evrópubúa.

Ungmennageiri Evrópuráðsins

Evrópuráðið styður virka þátttöku ungmenna í samfélaginu með fjölbreyttum evrópskum verkefnum, bæði með milliríkjasamvinnu og með þjálfunar- og menntunarstarfsemi fyrir og með frjálsum félagasamtökum ungmenna og æskulýðsleiðtogum. Evrópsku ungmennamiðstöðvarnar í Strassborg og Búdapest, æskulýðssjóður Evrópu og hlutasamningur um hreyfanleika ungmenna með ungmennaskírteini gegna mjög mikilvægu hlutverki í því að ná fram þessu markmiði.

Tengiliður á aðalskrifstofu evrópuráðsins

Directorate of Democratic Participation

Youth department (Agora Building)

Youth Policy Division

Partial Agreement on Youth Mobility through the Youth Card

F-67075 Strasbourg Cedex

Tel.:+33 (0)3 88 41 29 98

youthmobility@coe.int

<https://www.coe.int/en/web/youth/youth-mobility>

Premis 073621

ISL

www.coe.int

Evrópuráðið er helsta stofnunin á sviði mannréttindamála í Evrópu. Aðildarríkin eru 47, þar á meðal öll aðildarríki Evrópusambandsins. Öll aðildarríki Evrópuráðsins hafa fullgilt Mannréttindasáttmála Evrópu, en þeim sáttmála er ætlað að standa vörð um mannréttindi, lýðræði og réttarríki. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur umsjá með útfærslu sáttmálans innan aðildarríkjanna.



COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE